

2026-11-18

Drápuhlíð – vinnustofa um götuhönnun

Samantekt


Daði Baldur Ottósson

Hrafnhildur Brynjólfsdóttir




Bakgrunnur og tilgangur

- Veitur og Reykjavíkurborg hyggja á framkvæmdir í Hlíðunum
- Framkvæmdum fylgir mikill gröftur og rask -> tækifæri á endurnýjun götu/gangstétta
- Tillaga kom frá Reykjavíkurborg um að breyta fyrirkomulagi götu
  - Samsíða stæði
  - Gangstétt beggja vegna götu
- Íbúar mótmæltu og kölluðu eftir samráði
- Vinnustofan var til að koma til móts við þær óskir íbúa
- Markmið : Útfærsla sem nýtur stuðnings íbúa



Grunnmynd 1:250



5 Snið 1:50

Skýringar:

- Göngustígur
- Hjólastígur
- Malbik í götu
- Gras
- Blágrænar ofanvatnslausnir
- Upphækkað svæði
- Bílastæði
- Lóðamörk
- Núverandi gróður innan lóða

Útfærsla 1 - Gata endurgerð með samsíða stæðum beggja vegna í götu

- Bílastæði staðsett beggja vegna í götu.
- Bílastæðafjöldi verður 46 stk.
- Bílastæði samsíða kantsteini.
- Breidd stæða 2m
- Lengd bílastæða verður 5m, gert ráð fyrir amk. 1,5m athafnarými fyrir annað hvert stæði þar sem tvö eða fleiri liggja saman.
- Gert er ráð fyrir 4 stk. af regnbeðum (+/-15 m2 hvert) til að taka við ofanvatni af götu og gangstéttum. Í regnbeð er yfirfall inn á lokað kerfi Veitna.
- Skoða að setja yfirborð stétta í gegndræpa hellulögn og grasstein í bílastæði.



Afstöðumynd - Horft til vesturs framan við Dráputhlíð 12

Kvarði 1:50 1 0 1 2 3 4 5m

Kvarði 1:250 5 0 5 10 15 20 25m

Hnitakerfi: Reykjavíkur
Hæðarkerfi: Reykjavíkur

VSÓ RÁÐGJÖF

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
BRÍNFSTOFA FRAMKVÆMDA OG VIÐHALDS
BORGARTÚNI 12 - 14, 105 REYKJAVÍK
SÍMI 411 1111
FAX 411 6399

Merkt:	Breyt.	Dags:	Fyrirtæki	Af:
Hannað: ÁSK/ÁDG				
Teiknað: SP				
Yfirfarið: JJS				
Samþ.: ÁSK				

Nr. 24160

Langahlíð og Dráputhlíð. Forhönnun
Dráputhlíð
Yfirborðsfrágangur
Grunnmynd og langsnið St:0-200

Dags: 24.01.2025 Mkv.: 1:50 A1

Tilvísun: 04-FG-03 Nr.: 1.22



Umfang og afmörkun vinnustofu

- Eingöngu götukassinn (um 12,5 m).
- Drápuhlíð vestan Lönguhlíðar, en hún er fyrst í framkvæmdaröð Veitna.
- Niðurstöður fara til skipulagsráðs og inn í hönnunarferli.
- Afstaða til bílastæða á einkalóðum var ekki tekin.


/ Hluti af undirbúningi vinnustofu var að

- funda með einum af þeim íbúum sem hafði haft sig frammi þegar fyrri tillaga kom fram.
- halda prufuvinnustofu til að prófa fyrirkomulag hennar.




Boðun vinnustofu

- Vinnustofa auglýst á island.is fyrir íbúa í merktum götum
- Auglýst á fb síðunni: Hlíðar- besta hverfið
- 35 boðið á vinnustofuna og 32 mættu
  - Áætlun gerði ráð fyrir 24
  - Yfir 60 lýstu yfir áhuga
- 6 hópar með hópsstjórum frá Eflu
- Íbúar austan og vestan Lönguhlíðar á aldrinum 22-75 ára



Göturýmið í dag

- Götukassinn er um 12,5 m.
  - Gangstétt sunnan megin um 2,3 m
  - Akbraut 3,5-4m og skástæði, um 60°.
  - Norðan megin, steypt svæði 1,1-1,5 m, eða máluð lína.
  - Gróður norðan götu.
  - Máluð stæði í götu ca 47, á lóðum 27. (skv hverfaskipulagi)






Um hvað fjallaði vinnustofan

- Vinnustofan fjallaði eingöngu um götukassann og hvernig hann er hannaður til framtíðar.
- Lykilspurning: Hvernig getum við nýtt 12,5 m götukassann þannig að hann mæti sem best þörfum fyrir gangandi umferð, akstur, bílastæði, aðkomu, gróður, sorphirðu og vetrarþjónustu?



Bílastæðatalning
Nýting er **minnst** í hádeginu virka daga.




Bílastæðatalning

Hlíðarnar, vestan Lönguhlíðar

- Talningartímabil október 2026
- Talið tvo virka daga kl 9, 12, 18 og 22
- Talið einn helgardag kl 9, 12, 18 og 22.

Bílastæði eru fullnýtt á kvöldin virka daga og helgar



Slysakort

- Slysakort Samgöngustofu
- https://www.map.is/samgongustofa/



Umferðaróhöpp


- Ökutæki bakkar á bíl sem ekur framhjá
- Ekið á kyrrstæða bifreið við vegbrún/í bílastæði

Slys

- Á gatnamótum, ekið á hjólreiðamenn












Drápuhlíð


AV L23




JO N68



Vinnustofan

Fyrirkomulag vinnustofu

Lykilspurning: Hvernig getum við nýtt 12,5 m götukassann þannig að hann mæti sem best þörfum fyrir gangandi umferð, akstur, bílastæði, aðkomu, gróður, sorphirðu og vetrarþjónustu?

Unnið í hópum – fjórar umferðir

- 1. Gatan mín, hvað virkar vel og hvar eru áhyggjur (20 mín.),
- 2. Gata framtíðarinnar (40 mín.),
- 3. Rýni hópsins (15 mín.),
- 4. Almennar ábendingar.



1. umferð

Hvað virkar vel?

- skástæði,
- róleg og örugg gata,
- gangstétt sunnan megin

Hvað veldur áhyggjum?

- akstur gegn einstefnu
- hraði,
- skertar sjónlínur,
- fækkun stæða,
- ástand gangstéttar norðan megin
- lýsing.





2. umferð

Gata framtíðarinnar


Plássið á götunni er takmarkað. Hvernig getum við hannað götuna þannig að hún mæti óskum sem flestra og allir finni sig örugga?

- Þátttakendur voru hvattir til að:
  - Teikna – klippa – líma – skrifa...
  - Hugsa um gangandi, hjólandi, akandi, gróður, öryggi, sorphirðu, vetrarþjónustu, lýsingu ...
- Sýnd voru dæmi af götum í sömu stærð og útfærslum á stæðum
  - Öll dæmi með gangstétt beggja vegna götunnar






45°



45°stæði


- Auðvelt að bakka út úr þeim
- Akrein 2,8 - 3,5m
- Drápuhlíð max 38

60°



60°stæði (núverandi útfærsla)

- Akrein þarf að vera breiðari til að baka út úr þeim
- Akrein 3,5 - 4m
- Drápuhlíð max 45-47




Samsíða stæði

- Bíllengd hefur áhrif á nýtingu
- Akrein 4m
- Drápuhlíð max 37-42 stæði

Dæmi um götu með 45° stæði og álíka breiðan götukassa.
Gangstétt beggja vegna.

Njálsgata.

~Gangstétt 2,4 - stæði 3,8 - akrein 3,9 - gangstétt 2,4 = 12,5m






Dæmi um götu með samsíða stæði og álíka breiðan götukassa.
Gangstétt beggja vegna.

Túngata.

~Gangstétt 2,4 - stæði 2,15 - akrein 3,4- stæði 2,15 - gangstétt 2,4 = 12,5m






Dæmi um götu með skástæði og álíka breiðan götukassa. Gangstétt beggja vegna.
Akstursleið þrengri.


Grenimelur

~Gangstétt 2,5 - akrein 3,0 – stæði 4,5 – gangstétt 2,5= 12,5m

- Akrein þröng, stæði ekki nægilega djúp, bílar ná yfir gangstétt eða út á akrein








Dæmi um götu með samsíða stæði og álíka breiðan götukassa.
Gangstétt beggja vegna.
Aksturleið í báðar áttir


Grenimelur

~Gangstétt 2,3 - akrein 7,4 - gangstétt 2,3 = 12,5m

- Stæði ekki merkt en lagt í götu







3. Umferð

Rýni hópsins

Hvernig mætir tillagan/tillögurnar óskum sem flestra og eru allir öruggir.

1. Hvernig hefur tillagan áhrif á það sem virkar vel í dag?
2. Hvernig hefur tillagan áhrif á það sem veldur áhyggjum og óöryggi?
3. Hvaða lausn er tillaga hópsins?

Í lok umferðar – stutt kynning á tillögu hópsins fyrir öðrum hópum.



Almenn niðurstaða

Umferð 2 og 3

Bílastæði og gata

- Almenn samstaða um að halda götunni að mestu óbreyttri.
- Allir hópar vildu 60° stæði og (helst) ekki fækka stæðum.
- Enginn hópur lagði til 45°.
- Sumir nefndu samsíða stæði eða blandaða útfærslu.
- Hellulögn og litir að fyrirmynd vistgatna.

Gönguleiðir, hraði og öryggi

- Öruggar gönguleiðir beggja vegna götu og breiðari gangstétt norðan megin.
- Óhindrað aðgengi að innkeyrslum.
- Draga úr hraða og bregðast við akstri gegn einstefnu með hraðalækkandi aðgerðum, merkingum og tímabundnu myndavélaeftirliti.
- Skýrar merkingar um hjólreiðar í báðar áttir.



Almenn niðurstaða

Umferð 2 og 3

Hleðsluinnviðir, gróður, lýsing

- Hleðsluinnviðir: raflagnir, þriggja fasa rafmagn og staðsetning hleðslustöðva.
  - Tengingar beint úr húsum hefur stuðlað að ólöglegum lagninum
- Gróður: skiptar skoðanir, grænt á móti gegndræpum stæðum.
- Lýsing: hlýleg og vel staðsett.
- Einnig rafskútustæði.

Ólík sjónarmið og atriði til úrvinnslu

- Gangstétt norðan götu: fjarlægja eða breikka.
- Samsíða stæði: fegurri ásýnd á móti slysahættu og fækkun stæða.
- Sorphirða, snjómokstur, vatnshalli og niðurföll.
- Aðgengi neyðarbíla.



Næstu skref

- Lagt er til að unnið verði áfram með 60° skástæði og einstefnu, en jafnframt verði tryggt að:
  - Gangstéttir séu samfelldar beggja vegna götu, greiðfærar og aðgengilegar.
  - Öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda sé tryggt og hjólandi velkomin á götunni.
  - Umferðarhraði sé hóflegur t.d. með lágum umferðarhraða og hraðalækkandi aðgerðum.
  - Sjónlínur og öryggi við bílastæðin séu fullnægjandi.
  - Gróður við upphaf og enda götu og efnisval styrki ásýnd götunnar.
  - Gegndræp bílastæði verði skoðuð fyrir blágrænar ofanvatnslausnir.
  - Bílastæðum verði ekki fækkað nema sýnt sé fram á ríkar ástæður fyrir því og aðrir raunhæfir kostir metnir í hönnunarferli.
- Markmiðið á að vera að bæta Drápuhlíð sem íbúðargötu án þess að skerða að óþörfu þá mikilvægu bílastæðaaðstöðu sem íbúar hafa nú þegar.

Takk fyrir